

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um ráðstafanir í samræmi við kaupsamning

Sparisjóðs Mýrasýslu, kt. 610269-5409 og Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150, dags. 3. apríl 2009.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um Sparisjóð Mýrasýslu.

FORSENDUR:

Þann 6. október sl. voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, sem fólu í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum lögum. Með lögnum eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það meðal annars tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálafyrirtækis frá störfum og skipað skilanevnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008.

Í bréfi stjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu til Fjármálaeftirlitsins, dags. 3. apríl 2009, kemur fram að frá miðju síðasta sumri hafi verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu á sparisjóðnum í kjölfar þess að eiginfjárhlutfall hans væri orðið óviðunandi og undir lögumlagu lágmarki. Með samningum við Kaupþing banka hf. og Straumborg hf. var síðastliðið haust ákveðið að hækka stofnfé í sparisjóðnum verulega og hefði sú aðgerð skilað viðunandi eiginfjárhlutfalli. Forsendur þessarar samningsgerðar brustu þann 9. október 2008 þegar Fjármálaeftirlitið skipaði skilanevnd yfir Kaupþing banka hf. og bankinn fékk í framhaldinu heimild til greiðslustöðvunar. Í framhaldinu hefur Sparisjóður Mýrasýslu átt í viðræðum við erlenda lánardrottna um lækun og umbreytingu í stofnfé með samruna við Nýja Kaupþing banka hf. sem lokatakmark. Í þeim tilgangi undirrituðu helstu kröfuhafar samkomulag um tímabundna greiðslufrýstingu á skuldum sparisjóðsins og tók það gildi þann 27. janúar 2009. Samkomulag þetta rann endanlega út þann 1. apríl 2009. Hefur það ekki verið endurnýjað og því nýtur sparisjóðurinn ekki samningsbundinnar verndar gegn aðgerðum stærstu lánardrottna. Í bréfi sparisjóðsins kemur fram að allir erlendir lánardrottнар sparisjóðsins utan einn sem og stærstu innlendu lánardrottнар félagsins hafi þann 26. mars sl. samþykkt tillögu að fjárhagslegri endurskipulagningu. Hún felur í meginatriðum í sér að 43,7% almennra krafna yrði greiddur með aukningu á stofnfé í Sparisjóði Mýrasýslu, að 3,1% yrði greiddur með peningagreiðslu og að 53,2% almennra krafna með skuldabréfi samkvæmt nánar tilgreindum skilmálum.

Tillagan gerir ráð fyrir því að eigendur víkjandi lána fái eingöngu greiðslu í formi nýs stofnfjár í sparisjóðnum.

Í áðurnefndu bréfi segir að til þess að koma hinni fjárhagslegu endurskipulagningu á þurfi sparisjóðurinn að reyna formlega nauðasamningsmeðferð í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá segir að ekki verði unnt að stunda viðskiptabankastarfsemi á sama tíma og nauðasamningsumleitani og hugsanleg greiðslustöðvun standi yfir.

Í ljósi alls framangreinds hefur Sparisjóður Mýrasýslu gert samning við Nýja Kaupþing banka þann 3. apríl 2009 er felur í sér að Nýi Kaupþing banki hf. kaupi rekstur og eignir sparisjóðsins og tekur að sér að yfirtaka forgangskröfur skv. 111. og 112. gr. laga nr. 21/1991, þ.m.t allar innlánskuldbindingar, auk þess sem Nýi Kaupþing banki hf. skuldbindur sig til að greiða sparisjóðnum fjármuni og hlutafé til að standa lánardrottnum skil samkvæmt þeirri tillögu sem meginþorri þeirra hefur samþykkt og gert er ráð fyrir að verði staðfest sem formlegur nauðasamningur. Í bréfi sparisjóðsins er það rökstutt að til þess að hægt verði að efna kaupsamninginn af hálfu Sparisjóðs Mýrasýslu og afhenda þau réttindi og þær skyldur sem þar um ræðir sé nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið beiti heimildum í 3. mgr. 100. gr. a í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 og taki yfir vald stofnfjáreigendafundar. Er þetta talið nauðsynlegt til þess að óraskaður rekstur geti átt sér stað á starfsstöð Sparisjóðs Mýrasýslu og með því verði best tryggðir þeir hagsmunir sem í húfi eru.

Samkvæmt 3. mgr. 100. gr. a laga nr. 161/2002 þurfa aðstæður að vera mjög knýjandi til þess að Fjármálaeftirlitið geti gripið til aðgerða á grundvelli ákvæðisins. Að mati Sparisjóðs Mýrasýslu eru framangreind skilyrði án vafa uppfyllt með vísan til verulegrar neikvæðrar eiginfjárstöðu sem og óviðunandi lausafjárstöðu sparisjóðsins. Þessu til viðbótar liggur fyrir að samkomulag við kröfuhafa um greiðslufrýstingu (Standstill Agreement) er runnið út. Að mati sparisjóðsins eru engar forsendur fyrir hendi til þess að óska eftir framlengingu á því samkomulagi í ljósi þess að þegar liggur fyrir að áætlun um frjálsa nauðasamninga nær ekki fram að ganga. Áframhaldandi starfsgrundvöllur sparisjóðsins er því ekki lengur til staðar. Jafnframt telur sparisjóðurinn nauðsynlegt að óska eftir greiðslustöðvun óháð því hvort kaupsamningur sparisjóðsins og Nýja Kaupþings banka hf. ná fram að ganga. Þá hyggst sparisjóðurinn óska eftir heimild til greiðslustöðvunar mánudaginn 6. apríl 2009.

Í bréfi sparisjóðsins er þess farið leit við Fjármálaeftirlitið að það gripi til aðgerða á grundvelli 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 og færi inn- og útlán ásamt öllum eignum og réttindum og skyldum, eins og nánar er tiltekið í kaupsamningi milli Sparisjóðs Mýrasýslu og Nýja Kaupþings banka hf. þann 3. apríl 2009.

Með vísan til ofangreinds er ljóst að staða Sparisjóðs Mýrasýslu er orðin þannig að ákvæði 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki eiga við um sparisjóðinn þar sem eigið fé hans er neikvætt og ljóst að hann muni ekki geta greitt gjaldfallnar skuldbindingar sínar í ljósi þess að samkomulag við kröfuhafa hefur ekki verið framlengt. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að óviðunandi lausafjárstaða og verulega neikvæð eiginfjárstaða sparisjóðsins, feli í sér knýjandi aðstæður í skilningi 3. mgr. 100. gr. a fyrrgreindra laga.

Með erindi Sparisjóðs Mýrasýslu fylgdu jafnframt samþykki 83,4% kröfuhafa gagnvart þeim skilmálum sem settir hafa verið fram varðandi greiðslur til þeirra. Jafnvel þótt ekki liggi fyrir formlegt mat á þeim

eignum sem ráðstafað er til Nýja Kaupþings banka hf. virðist yfirgnæfandi hluti kröfuhafa sætta sig við það endurgjald sem um ræðir auk þess sem ákvæði XX. kafla laga nr. 21/1991, eiga við um samninginn ef til gjaldþrotaskipta kemur eða nauðasamnings, sbr. ákvæði 32. gr. sömu laga. Með vísan til framangreinds telur Fjármálaeftirlitið að hagsmunum viðskiptamanna, kröfuhafa og allra annarra hlutaðeigandi aðila sé gætt með þeirri ráðstöfun sem felst í kaupsamningi aðila.

ÞAÐ ER ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Mýrasýslu og taka ákvarðanir um eftirfarandi aðgerðir sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar:

ÁKVÖRÐUN:

1. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur í einu lagi þau réttindi og eignir sem kaupsamningur Sparisjóðs Mýrasýslu og Nýja Kaupþings banka hf. þann 3. apríl 2009 kveður á um. Yfirfærsla réttinda og eigna skal fara fram á afhendingardegi, sbr. 4. tl. hér að neðan.
2. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar Sparisjóðs Mýrasýslu sem kveðið er á um í áðurgreindum kaupsamningi, þ.e. yfirtekur allar veðkröfur og forgangskröfur sem falla undir 111. og 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 103. gr. laga nr. 161/2002 vegna innlána og yfirtekur eða greiðir almennar kröfur á hendur Sparisjóði Mýrasýslu með þeim hætti og að því marki sem greinir í 2. gr. samningsins. Innlán flytjast yfir miðað við stöðu og áunna vexti á afhendingardegi, sbr. 4. tl. hér að neðan.
3. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur samkvæmt samningnum ógjaldfallnar skuldbindingar samkvæmt inn- og útflutningsábyrgðum, ábyrgðir vegna efnda fyrirtækja og einstaklinga sem tengjast reglubundinni starfsemi. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur ekki ábyrgðir Sparisjóðs Mýrasýslu vegna: a) skuldbindinga dótturfélaga, b) fyrirtækja í greiðslustöðvun, undir nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum, c) skuldbindingar við íslensk fjármálafyrirtæki; e) aðrar sérstakar ábyrgðir samkvæmt nánari ákvörðun Nýja Kaupþings banka hf.
4. Afhendingardagur samkvæmt ofangreindu skal fara fram eigi síðar en kl. 9.00 mánudaginn 6. apríl 2009.
5. Engin vanefndaúrræði viðsemjanda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.

Ákvörðun þessi byggir á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reynist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar bregðast verulega eða Fjármálaeftirlitið telur að önnur skipan mála sé nauðsynleg getur Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðun þessari, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta, eða fresta einstökum þáttum hennar.


Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

3. apríl 2009



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason
Forstjóri